

102. fundur

Skipulags- og bygginganefnd Stykkishólmsbæjar hélt fund þriðjudaginn 11. desember 2007 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Helgi B. Haraldsson, Hermundur Pálsson, Björgvin Ólafsson, Berglin Þorbergsdóttir, Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Skólastígur 12 íbúðarhúsnæði.

Hjörleifur Sigurþórsson/ Brynjar Daníelsson f.h. eigenda Skólastígs nr. 12 sækja um að rífa húsið og byggja nýtt samkvæmt teikningum dags. 25.08.'07. Einnig er sótt um afmörkun á lóð. Stærðir: 108,1 m², 275,4m³.

Umsögn frá Húsfriðunarnefnd Ríkisins liggur fyrir vegna niðurrifs dags. 4.05.'07.

Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum Höfðagötu nr. 2 og 5, Skólastíg nr. 7, 8, 9 og 10, Bókhlöðustíg nr. 8 og 10. Athugasemdir bárust frá Haraldi Sigurðssyni Bókhlöðustíg 10, dags. 25.10.'07, Halldóru Þorsteinsdóttur Skólastíg 8, dags. 3.11.'07, Ásgeiri Ásgeirssyni og Unni Steinsson Skólastíg 8, dags. 3. 11. '07, Óla Jóni Gunnarssyni Skólastíg 9, dags. 6. 11.'07.

Nefndin telur að grenndaráhrif sé óveruleg og leggur til að erindið sé samþykkt. (afgreiðsla nefndar þ. 13.11.'07)

Bæjarráð vísaði erindi til skipulags- og bygginganefndar þ. 22. nóvember s.l. vegna athugasemda frá tveimur aðilum sem bárust innan tilskilins auglýsingafrests en voru ekki lagðar fyrir skipulags- og byggingarnefndina. Athugasemdirnar eru frá Hergard Jensen Skólastíg nr. 10, dags. 29. 10.'07 , og Birni Jóhanni Guðmundssyni, tölvupóstur dags. 17.08.'07 , sendur þ. 6. 11. 2007.

Nefndin fellur frá fyrri afgreiðslu í ljósi framkominna athugasemda. Erindi er vísað í yfirstandandi deiliskipulagsvinnu af svæðinu.

2. Hjallatangi 38, einbýlishús.
Skipavík ehf óskar eftir f.h. lóðarhafa að byggja einbýlishús á lóð nr. 38 við Hjallatanga. Stærðir: 146,4 m², 556,0 m³.

Samþykkt. Gjöld samtals kr.

3. Hjallatanga 24, sólstofa og bílskúr.
Þórir Thorlacius óskar eftir að byggja sólstofu við íbúðarhús og að bílskúr á lóð verði með niðurgrafinni kjallarageymslu, með aðgengi að innanverðu, samkvæmt bréfi dags. 28.11.'07.

Tekið er jákvætt í fyrirspurn. Óskað er eftir viðeigandi teikningum.

4. Reitarvegur nr. 6A, fyrirspurn um uppbyggingu á lóð.
Fyrirspurnartillaga frá Jon Nordsteien f .h. eigenda lóðar við Reitarveg nr. 6A að byggja hús upp á tvær hæðir niður í bakkann með aðkomu frá Reitarvegi. sbr. bréf og tillögu dags. 2. 11. '07.

Nefndin tekur jákvætt í erindið að byggja hús á tveimur hæðum með aðkomu frá Reitarvegi að ofanverðu úr austri.

5. Flokkunarsvæði við gámastöðina Snoppu.
Stefán Eyfjörð Stefánsson f.h. Íslenska Gámafélagsins ehf óskar eftir að staðsetja flokkunarstöð á sorpi norðan við gámastöðina Snoppu fyrir geymslugáma, tjaldskýli og jarðgerðargám sbr. bréf og teikningar dags. 4.12.'07.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

6. Leiðrétting á fundarbókun.
Leiðrétting á bókun á lið nr. 5 í fundargerð skipulags- og bygginganefndar nr. 101 dags. 13.11.'07.

Í erindi á að standa: ...Erindi var vísað til nefndarinnar af bæjarráði, í stað að erindi hafi verið vísað af Berglindi Axelsdóttur til nefndarinnar.

7. Nesvegur 14, færsla á gluggum.
F.h. Tinds ehf Páll Guðmundsson óskar eftir leyfi til að færa glugga á skemmu við Nesveg 14 sbr. bréf dags. 10.12. 2007.

Samþykkt.

Hermundur situr hjá undir lið nr. 7.

8. Fyrirspurn um byggingu á stálgrindarskemmu við Hamraenda nr. 4.
Jónatan Sigtryggsson óskar eftir að byggja stálgrindarskemmu að Hamraendum 4, samkvæmt tillöguteikningu frá KM byggingum ehf /Viðari Hannessyni dags. 7.12. 2007.

Tekið er jákvætt í erindið.

9. Skipulagsvinna tjaldsvæðis .
Skipulags- og byggingarfulltrúi greindi frá að nauðsyn væri að endurskoða skipulag tjaldsvæðis í heild sinni, m.a. vegna nýrrar aðkomu inn á svæðið, legu vegar og þörfina fyrir nýju þjónustuhúsi.

Nefndin leggur til að lokið verði við skipulag af svæðinu.

10. Önnur mál.

10.a Slökkviliðsstjóri óskar eftir teikningum vegna breytinga á brunahönnun Hótels Stykkishólms.

10.b Vegna breytinga á sorphirðu og fjölgun sorphílata bendir nefndin á að brýnt sé að leiðbeina fólki með staðsetningar á sorphílátum utanhúss, m.a. með tilliti til brunavarna.

10.c Berglind Þorbergsdóttir vekur athygli á hraðakstri á Laufásvegi nýrri hluta.

B.V.